

Mál nr. 234/2025

Nafn málskotsaðila: M

Nafn varnaraðila: V

Heiti váttryggingar: Fjölskyldutrygging, réttaraðstoðarliður.

Gildissvið váttryggingar. Undanþáguákvæði váttryggingarskilmála. Andskýringarregla váttryggingarréttar.

Gögn.

1. Málskot móttakið 26. júní 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags. dags. 7. júlí 2025, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 14. júlí 2025.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi slitið sambúð við þáverandi sambýliskonu sína árið 2021. Sambúðin hafi varað frá 2016 og þau átt tvö börn saman. Vegna atvika sem nánari grein er gerð fyrir málskoti hafi börnin alfarið búið hjá M frá hausti 2023 og gangi þau í hverfaskóla þar sem M býr. Hafi barnavernd komið að framangreindri ákvörðun. Er í málskotinu tekið fram að þar sem M sé einstæður faðir skipti það miklu fyrir hann að fá réttarstöðu sem slíkur svo hann geti einn ráðið málefnum barna sinna, s.s. skólavist. Vegna þessa hafi hann óskað eftir því við móður barnanna að lögheimili þeirra yrði fært til hans. Hún hafi ekki viljað samþykkja það, þrátt fyrir sáttameðferð hjá Sýslumanni. Vegna þess hafi M ákveðið að höfða dómsmál til þess að ná fram breytingu á lögheimili og forsjá barna sinna. Hafi M óskað eftir afstöðu V til þess hvort ekki væri til staðar bótaréttur úr réttaraðstoðarlið tryggingar sem M var með hjá V. Hafi V hafnað því með þeim rökum að deiluefnið sem uppi væri falli utan gildissvið tryggingarinnar, sbr. nánar tiltekið undanþáguákvæði í a-lið 47. gr. skilmálanna. Í málskoti kemur fram að M er ósammála rökum V. Byggir M m.a. á að í framangreindu skilmálaákvæði séu eingöngu undanþegin mál sem varða forræði barna eða umgengni við þau. Mál M snúist hins vegar um skráningu lögheimilis en slíkt mál sé ekki undanþegið berum orðum í ákvæðinu. Er á það bent að þó M fari í sama máli fram á forræði barna sinna yrði málatilbúnaðurinn og vinna við það sá sami vegna dómskröfu sem myndi eingöngu snúa að lögheimili. Því sé það mat M að V geti ekki túlkað ákvæðið með rýmkandi hætti og þannig haldið því fram að eitthvert mál sé undanþegið sem ekki sé nákvæmlega tiltekið í 47. gr. skilmálanna. Bendir M á andskýringarreglu váttryggingarréttar máli sínu til frekari stuðnings og vísar í því sambandi í Hrd. í máli nr. 702/2012.

Í athugasemdum V til nefndarinnar, dags. 7. júlí 2025, er m.a. byggt á því með vísan í framangreinda 47. gr., að mál sem varði ágreining um forsjá barna séu undanskilin áhætta og því sé ekki hægt að fallast á kröfu M. Telur V að engu breyti að málið varði einnig skráningu lögheimilis barna enda sé skipan forræðis og lögheimilis óaðskiljanlegir þættir. Vísar V m.a. til fyrirliggjandi vottorðs um sáttameðferð máli sínu til stuðnings. Rót ágreiningsins sem fyrirhugað dómsmál snýr að sé því skipan forsjár, nokkuð sem falli utan gildissviðs tryggingarinnar hjá V. Hvað varðar tilvísun M í andskýringarreglu váttryggingarréttarins þá telur V hana ekki eiga við enda sé innihald a-liðar 47. gr. skilmálanna hvorki óljóst né umdeilanlegt hvað framangreint atriði varði. V telur því liggja fyrir að M eigi ekki rétt á bótum úr réttaraðstoðartryggingunni.

Í viðbótarathugasemdum M, dags. 14. júlí 2025, er því m.a. mótmælt að ágreiningur sá sem er undir í málinu snúi að skipan forsjár enda sé algengt að forsjá sé sameiginleg en börn eigi aftur á móti lögheimili hjá öðru foreldra. Þá fylgi skráningu lögheimilis ákveðin réttindi til lögheimilisforeldris. Þá eru fyrri rök varðandi andskýringarreglu ítrekuð.

Álit.

Í 46. gr. í váttryggingarskilmálum fjölskyldutryggingar V er fjallað um réttaraðstoðartryggingu þá sem hér er til skoðunar. Þar segir m.a. í a-lið að úr váttryggingunni séu greiddar bætur vegna hvers tjóns, nauðsynlegan og eðlilegan lögmannskostnað sem tryggður getur ekki fengið greiddan frá mótaðila eða hinu opinbera. Í 47. gr. sömu skilmála er á hinn bóginn mælt fyrir um hvað tryggingin bætir ekki og þar segir í a-lið að tryggingin taki ekki til ágreinings, máls eða málsbeiðna sem varða hjónaskilnað eða mál sem kunna að koma upp í sambandi við hjónaskilnað. Það sama gildi um mál vegna sambúðarslita og önnur mál sem varða ágreining um forræði barna og umgengisrétt. Dómsmál það sem ágreiningur þessa

máls snýr að varðar kröfu M um fullt foræði yfir börnum sínum og að lögheimili þeirra verði fært til hans frá móður. Eins og að framan greinir byggir M á því, með vísan til andskýringarreglu vátryggingaréttar, að vegna óskýrs orðalags framangreinds a-liðar 47. gr. skilmálanna, falli ágreiningurinn ekki undir það undanþáguákvæði. V byggir á móti á því að í raun sé hér um að ræða ágreining um forsjá barna sem sé skilmerkilega undanskilið í umræddu ákvæði. Breyti engu í því sambandi að málið varði einnig lögheimili barnanna, enda sé skipan forræðis og lögheimilis barna óaðskiljanlegir þættir. Rót ágreiningsins sé því deila um skipan forræðis yfir börnunum. Því sé ekki fyrir hendi bótaréttur. Eins og áður hefur komið fram vísar V til úrskurðar nefndarinnar í máli nr. 356/2018 máli sínu til stuðnings. Nefndin telur að ekki séu málefnalegar forsendur til þess að skilja á milli annars vegar kröfu um foræði yfir börnum og hins vegar lögheimili þeirra með þeim hætti sem krafa M byggir á. Í raun snúi því álitaefnið sem uppi er í grunninn að skipan forræðis barnanna. Af því leiðir að nefndin telur að dómsmálið falli undir a-lið 47. gr. skilmálanna og þar að leiðandi utan gildissviðs tryggingarinnar. Það að V hafi einhliða samið undanþáguákvæði a-liðar 47. gr. skilmálanna, breytir að mati nefndarinnar ekki framangreindu.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr réttaraðstoðarlið tryggingar hjá V.

Reykjavík, 27. ágúst 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir